

ÁRSSKÝRSLA 2012



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf

Stakkanesi 1 • 400 Ísafjörður

Sími: 450 3211 • Fax: 456 3204

Netfang: orkubu@ov.is • Heimasíða: www.ov.is



ORKUBÚ VESTFJARÐA
35. STARFSÁR



Plæging Arnarfirði

ÁRSSKÝRSLA 2012



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf.
35. STARFSÁR



EFNISYFIRLIT

Stjórn og stjórnaskipulag.....	3
Formáli.....	4
Ávarp stjórnarformanns.....	5
Helstu framkvæmdir 2012.....	6
Helstu framkvæmdir 2013.....	7
Íbúaföldi á orkuveitusvæði OV.....	8

Ársreikningur..... 9

Milljón metrar af línunum	26
Raforkukerfi Vestfjarða.....	28
Rekstrartruflanir.....	29
Lykiltölur úr dreifikerfi	29
Vatnsaflsvirkjanir.....	30
Kyndistöðvar.....	31
Díselstöðvar.....	32
Orkuöflun.....	33
Orkudreifing.....	34

Skammstafanir

kV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kílówattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígawattstund	= 1.000 MWh
Gl	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítar

Forsíðumynd: Önundarfjörður. Rúnar Már Jónatansson.
Ljósmyndir: Aðrar myndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Gúttó ehf. / H-prent



Súðavíkurhlína




STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður: Viðar Helgason
Varaformaður: Kolbrún Sverrisdóttir
Ritari: Viktoría Rán Ólafsdóttir
Árni Brynjólfsson
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Varamenn: Jóna Benediktsdóttir
Þórir Örn Guðmundsson
Ragnheiður Hákonardóttir
Birna Benediktsdóttir
Gísli Jón Kristjánsson

Skipurit
Orkubú Vestfjarða ohf.





FORMÁLI

Örugg dreifing og afhending raforku við sanngjörnu verði er mikilvægur og nauðsynlegur hluti innviða nútíma þjóðfélags. Undir lok ársins vorum við illþyrmilega minnt á hversu berskjölduð við erum gagnvart náttúruöflunum þegar þau sýna verstu hliðar sínar. Í þessu fávíðri fengum við áminningu um að vera viðbúin því að allt geti farið úrskeiðis og það á versta mögulega tíma.

Orkubú Vestfjarða er með rúmlega 1.000 kílómetra af háspennulögnum í rekstri og hefur á undanförunum árum endurnýjað dreifikerfi sitt með jarðstrengjum eins og framkvæmdageta fyrirtækisins hefur leyft og eru jarðstrengir nú um 30% kerfisins. Ljóst er að það mun þó taka áratugi að ljúka þessu verki með sama framkvæmdahraða.

Það er umtalsvert kostnaðarsamara að dreifa raforkunni í dreifbýli heldur en þéttbýli og greiða íbúar í dreifbýli töluvert hærra verð fyrir dreifingu raforkunnar þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Það er réttlætismál og nauðsynleg aðgerð til styrkingar byggðar að þessar niðurgreiðslur verði auknar þannig að raforkuverð verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.

Árið 2012 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða áttunda árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var sú mesta í sögu fyrirtækisins rúmar 90 GWh. Í aftakaveðri síðustu daga ársins urðu verulegar truflanir í flutnings og dreifikerfi raforku og varð að skammta raforku til orkukaupenda um tíma.

Á árinu 2012 var 413 millj. kr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 29,9 millj. kr. Spennistöð við Ísafjarðarveg í Hnífsdal var endurnýjuð. Plægðir voru háspennustrengir í Skutulsfirði og í botni Öfundarfjarðar og loftlínur teknar niður. Plægður var háspennustrengur frá Mjólka í Arnarfirði að Hrafnseyri. Nýr sæstrengur var lagður yfir Patreksfjörð og haldið var áfram með þrífösun Barðastrandarlínu með plægingu jarðstrengs frá aðveitustöð Patreksfirði. Plægður var þriggja fasa jarðstrengur frá Bildudal að Dufansdal. Unnið var að þrífösun á Ströndum, milli Sævangs og Þorpa og millispennir settur í nýtt rofahús við Þorpa. Í Ísafjarðardjúpi heldur þriggja fasa strengvæðing áfram þar sem plægður var strengur frá Reykjafirði, yfir Sveinhúsanes, fyrir Vatnsfjörð og yfir Skálavíkurháls að Mjóafirði og er nú þriggja fasa dreifikerfi komið í jörðu frá landskerfinu og að Látrum í Mjóafirði. Á árinu var haldið áfram jarðhitaleit við Patreksfjörð í samstarfi við Vesturbyggð. Unnið var við ýmis frágangsverk í Mjólkárverkjun eftir miklar framkvæmdir undanfarinna ára við endurnýjun og stækkun verkunarinnar. Undirbúningur fyrir endurnýjun Fossavélar í Engidal var hafinn og í samstarfi við Landsnet var hafist handa við undirbúning og hönnun nýrra aðveitustöðva fyrir Ísafjörð og Bolungarvík.

Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 2,6% frá fyrra ári og nam alls 246,9 GWh. Eigin orkuvinnsla jókst um 15,2% á milli ára og var 106,2 GWh eða 43% af heildarorkuöfluninni, og orkukaup af öðrum orkuframleiðendum voru 140,8 GWh eða 57% af heildarorkuöfluninni.

Orkudreifing á veitusvæði Orkubús Vestfjarða minnkaði um 1,9 % frá fyrra ári og nam alls 225,2 GWh. Til hitunar fóru um 145 GWh sem eru um 65% af heildarorkudreifingu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Til viðbótar var lagður sérstakur skattur á raforku sem nemur 12 aurum á hverja kílówattstund og sérstakur skattur á hitaveitur sem nemur 2% af heildarupphæð reiknings.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. janúar 2012, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 6% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 6% að auki hækkaði hver kWh frá kyntum hitaveitum um 30 aura. Þann 1. september 2012 hækkaði verðskrá raforkusölu um 5%. Rafmagnsverð á Vestfjörðum stenst fyllilega samkeppni við það sem best gerist annars staðar á Íslandi en þrátt fyrir það er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærrí á Vestfjörðum og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2012 varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 349,3 millj. kr., en þegar tekið er tillit til tekjuskatts er hagnaður ársins um 279,5 millj. kr. Afskriftir námu alls 233,1 millj. kr. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2012 voru alls 6.171 millj. kr. og heildarskuldir alls 812 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.359 millj. kr. sem er um 86,8 % af heildarfjármagni.

Öllu starfsfólki Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk heilt yfir vel á síðastliðnu ári. Hagnaður ársins man 279,5 millj. kr. sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári.

Stafar það fyrst og fremst af aukinni raforkuframleiðslu Mjólkárveirunnar sem framleiddi 11,3 GWh meira en árið áður og 17,3% aukningar framleiðslu virkjana Orkubúsins milli ára. Með því var hægt að draga verulega úr kaupum Orkubúsins á raforku frá öðrum veitum s.s. Landsvirkjun, en á sama tíma hafði meðalverð frá Landsvirkjun hækkað umtalsvert vegna uppsagnar Landsvirkjunar á samningum um ótrygg orkukaup. Þannig stóð eigin orkuöflun fyrir 59,6% af orkusölu ársins en hafði verið 49,5% árið áður.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 413 millj. kr. og drógust saman um 230 millj. kr. milli ára, enda hafði áðurnefnd stækkun á Mjólkárveirun 2 staðið yfir á árinu 2011.

Öflugt atvinnulíf er forsenda hagsældar íbúa á Vestfjörðum sem annars staðar. Umtalsverð uppbyggingu fyrirtækja á Vestfjörðum á árinu má setja í samband við að fólksfjölgun varð á Vestfjörðum. Atvinna er forsenda byggðar. Á árinu hefur Orkubúið komið að uppbyggingu á atvinnulífi á Vestfjörðum svo sem í tengslum við byggingu nýs hótels á Patreksfirði, stækkunar á Kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og breyting hjá Kampa á Ísafirði, sem fór úr notkun olíu yfir í rafmagn við kyndingu gufuketils við rækjuframleiðslu. Náðust um það samningar milli fyrirtækisins og Orkubúsins sem ættu að vera hagkvæmir báðum aðilum, auk þess sem það er mun umhverfisvænni kostur. Jafnframt hefur nokkur uppbygging átt sér stað vegna aukinna umsvifa í fiskeldi. Þannig hefur Orkubúið lagt sitt að mörkum í styrkingu atvinnulífs á Vestfjörðum á undangengnu ári sem fyrr.

Ofsaveður það sem gekk yfir milli jóla og nýárs er hins vegar prófsteinninn á hversu viðkvæm staða við dreifingu raforku er á Vestfjörðum. Eftir þá erfiðu daga sem reyndu mjög á íbúa Vestfjarða og á starfsmenn Orkubúsins, sem unnu hörðum höndum að því að lagfæra bilanir sem upp komu, hefur áhersla verið á að kortleggja betur veikleika og halda áfram með áætlanir um hvernig draga megna úr þeim. Hafa starfsmenn Orkubús Vestfjarða átt um það gott samstarf við Landsnet og öryggis- og viðbragsaðila innan Vestfjarða sem utan.

Starfsmenn Orkubús Vestfjarða hafa unnið með Landsneti að uppbyggingu nýrrar varaafstöðvar og aðveitistöðvar í Bolungarvík og nýrrar aðveitistöðvar á Ísafirði. Munu framkvæmdir við þessar stöðvar standa yfir fram á næsta ár.

Orkubúið jók talsvert við fjárfestingar yfirstandandi árs með það að markmiði að halda áfram að styrkja dreifikerfið og auka afhendingaröryggi. Liður í því er ný virkjun í Engidal, Fossárvirkjun, sem leysa á af hólmi vél frá árinu 1937 sem gaf af sér 597 kW afl með nýrri 1173 kW vél. Mun þessi framkvæmd jafnframt vera liður í auknu

afhendingaröryggi rafmagns í Skutulsfirði. Alls mun Orkubúið fjárfesta fyrir að minnsta kosti 968 milljónir króna á árinu 2013.

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur eigandi Orkubús Vestfjarða gert kröfu um að fá greiddan arð út úr fyrirtækinu. Orkubúið stendur sterkum fótum með sterkt hlutfall eiginfjár og fjárhæðir þær sem hér um teflir eru ekki slíkar að þær hafi mikil áhrif. Stjórn félagsins hefur kynnt þau sjónarmið sín að þeim fjármunum væri varið til áframhaldandi uppbyggingar dreifikerfis raforku innan Vestfjarða. En þar sem að fyrirhugað er á næstu árum umtalsverð uppbygging innviða á Vestfjörðum með nauðsynlegum samgöngubótum á öllum svæðum, s.s. með undirbúningi Dýrafjarðarganga og Álfafjarðarganga, auk loka framkvæmda við Vestfjarðarveg og vegabótum í Strandasýslu munu fjármunir þessir skila sér til baka úr ríkissjóði og gott betur. Samhliða væntanlegri gangna-gerð mun Orkubú Vestfjarða leggja jarðstrengi um þau og þannig nýta vegabætur þessar til enn frekari styrkingar dreifikerfis raforku á Vestfjörðum.

Orkubú Vestfjarða hefur ekki velt kostnaði af fjárfestingum í dreifikerfi út í gjaldskrár raforkudreifingar í samræmi við þann tekjuramma sem Orkustofnun reiknar Orkubúinu. Stafar það meðal annars af sterkri kostnaðarvitund stjórnenda Orkubúsins, en tölfærð sýnir að Orkubú Vestfjarða kemur vel út í samanburði rekstrar-kostnaðar milli orkufyrirtækja, þrátt fyrir smæð og víðfeðmt og erfitt starfssvæði. Jafnframt hefur Orkubúið enn sem fyrr boðið lægsta einingaverð á raforku á landsvísu samkvæmt gjaldskrá. Með þessu leggur Orkubúið sitt lóð á vogaskálar heimila og fyrirtækja á Vestfjörðum að halda raforkuverði eins lágu og kostur er. En það vantar verulega upp á að stjórnvöld hafi staðið við fyrirheit sem gefin voru við breytingu raforkulaga á árinu 2004 um jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku. Standa Vestfirðir í því sambandi höllum fæti sem og önnur dreifibýl svæði.

Stjórn Orkubús Vestfjarða telur að nauðsynlegt sé að styrkja dreifingaröryggi raforku enn frekar, án þess að sá kostnaður sé endurkafinn af fáum notendum á dreifibýlu svæði. Þannig mætti raforkudreifing lúta svipuðum lögmálum og vegakerfið, sem greitt er úr ríkissjóði sem á móti aflar tekna af notendum í formi bensínjalds. Eða dytti nokkrum það í hug að íbúar Árneshrepps ættu að standa einir straum af kostnaði við vegalagningu í hreppnum? Jöfnun húshitunarkostnaðar og raforkudreifingar eru mál sem Alþingi Íslendinga þyrfti að huga að.

Stjórnarmönnum Orkubús Vestfjarða og starfsmönnum Orkubús Vestfjarða þakka ég fyrir vel unnin störf, gott samstarf og samskipti á liðnu ári sem og viðskiptavinum fyrirtækisins og Vestfirðingum öllum.

Viðar Helgason,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða.



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2012

Rafveitusvið

Spennistöð við Ísafjarðarveg í Hnífsdal var endurnýjuð. Plægðir voru háspennustrengir í Skutulsfirði og í botni Öfundarfjarðar og loftlínur teknar niður. Plægður var háspennustrengur frá Mjólka í Arnarfirði að Hrafnseyri.

Nýr sæstrengur var lagður yfir Patreksfjörð og haldið var áfram með þrífösun Barðastrandarlínu með plægingu jarðstrengs frá aðveitustöð Patreksfirði. Plægður var 3ja fasa jarðstrengur frá Bíldudal að flugvelli við Hvassanes og áfram að Dufansdal.

Unnið var að þrífösun á Ströndum, milli Sævangs og Þorpa og millispennir settur í nýtt rofahús við Þorpa. Í Ísafjarðardjúpi heldur þriggja fasa strengvæðing áfram þar sem plægður var strengur frá Reykjafirði, yfir Sveinhúsan, fyrir Vatnsfjörð og yfir Skálavíkurháls að Mjóafirði og er nú þriggja fasa dreifikerfi komið í jörðu frá landskerfinu og að Látrum í Mjóafirði.

Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ og Framkvæmdasýslu um færslu háspennulagna ofan Urðarvegar á Ísafirði vegna byggingar ofanflóðagarða og hafnar framkvæmdir við færsluna.

Unnið var með Landsneti að hönnun nýrrar aðveitustöðvar á Ísafirði og byrjað var að færa háspennustrengi vegna þeirrar framkvæmdar. Einnig var unnið að hönnun nýrrar aðveitustöðvar í Bolungarvík sem tengist byggingu nýrrar varaafstöðvar Landsnets.



Súðavíkurlína

Orkusvið

Styrkur Orkusjóðs ásamt framlagi Orkubúsins og Vesturbyggðar var nýttur til að kortleggja jarðhitaleit í sveitarfélaginu. Ákveðið var að nýta það sem eftir var af styrknum til að bora hitastigulsholur í jaðri þéttbýlisins á Patreksfirði. Boraðar voru 11 holur, flestar í næsta nágrenni Mikladalsár. Vísbendingar fundust um allt að 32°C á 300 metra dýpi. Mögulega 50 – 55°C á 600 metra dýpi. Steyptur var hitaveitubrunnur á Reykhólum fyrir væntanlega tengilögn milli efra og neðra dreifikerfis.

Ýmis frágangsvinna var eftir vegna framkvæmda við Mjólka III og II frá árinu 2011, sem unnar voru á árinu. Skipt um gangráðsregli í Reiðhjallavirkjun. Unnið var að skipulagsvinnu og vélaútboði á búnaði fyrir nýja virkjun, nefnd Fossárvirkjun í Skutulsfirði. Endurnýjun Fossavélar í Engidal var orðin aðkallandi og þessi nýja virkjun nýtir sama vatn og miðlun í Fossavatni. Gamla vélin 600 kW, verður hluti af safni í Rafstöðinni að Fossum. Vatnamælingar hófust í Hafnardsalsá á Langadalsströnd.



Unnið við götuljós



Staðan metin

HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2013

Rafveitusvið

Byrjað verður á byggingu nýrrar aðveitustöðvar við Skeiði á Ísafirði. Verkið verður unnið í samvinnu við Landsnet. Landsnet mun byggja nýja varaafsstöð í Bolungarvík þar sem ný aðveitustöð mun rísa.

Unnið verður að endurnýjun rofabúnaðar í spennistöðvum í Ísafjarðarbæ. Súðavíkurlína verður endurnýjuð með jarðstreng að hluta í Engidal samhliða framkvæmdum við nýja virkjun.

Haldið verður áfram við þrífösun Barðastrandalínu. Á þessu ári tekst vonandi að ljúka þrífösun yfir Kleifaheiði að Hrófbergi. Nýr sæstrengur verður tekinn í gagn við Patreksfjörð og nýtt rofahús verður sett upp í Sauðlauksdal.

Á Bíldudal er unnið að hönnun á nýrri aðveitustöð. Gert er ráð fyrir því að innan skamms þurfi að ljúka spennuhækkun Bíldudalslínu í 66 kV, vegna aukinnar orkunotkunar á Bíldudal.

Í Árneshreppi verður lagður jarðstrengur frá Árnesi að Melum og settar jarðspennustöðvar. Unnið verður að undirbúningi þrífösunar Norðurlínu frá Steingrímsfirði að Trékyllisvík.

Gerðar verða lagfæringar á dreifikerfinu á Borðeyri, lélegar loftlínur teknar niður og jarðstrengir grafnir í staðinn. Áfram verður unnið að endurnýjun í Ísafjarðardjúpi.

Orkusvið

Hagkvæmnisathuganir á að auka miðlun Mjólkárveirjóna er að ljúka og 0,6 MW virkjunar sem nýtir fallið milli vatna, nefnd Mjólka V. Um er að ræða hækkun Tangavatns, myndun Urðarvatnsmiðlunar og Hofsarveitu efri. Að þeirri vinnu lokinni kemur í ljós hvaða miðlun er hagstæðust.

Sömulleiðis verður verkhönnuð og kostnaðargreind miðlun í Mávavatni sem er á vatnasviði Blævadalsárvirkjunar. Ný vél 1,2 MW keypt fyrir Fossárvirkjun og 1,8 km af DN 500 mm trefjaplastpípu. 100 m² steinsteypt stöðvarhús auk spennistöðvar verður byggð á árinu og vélin tekin í rekstur í janúar 2014.

Tengilögn milli dreifikerfa hitaveitunnar Reykhólum, samtals um 800 metra af einfaldri lögn bæði 80 og 100 mm stállögnum. Nýjar stofnlagnir verða lagðar í dreifikerfi hitaveitunnar á Ísafirði. Bæði til að virkja brunn við hringtorg og einnig flytja lagnir vegna hjúkrunarheimilis. 280 metra af DN 150 og 200 mm tvöföldu dreifikerfi.

Sett verður upp varaafsvél fyrir kyndistöð á Ísafirði og keypt ný 1,4 MW færanleg varaafsvél í gám og á vagni sem staðsett verður á Bíldudal og rafstöðvarhúsnæðið sem losnar þar verður nýtt fyrir nýja aðveitustöð.




Sæstrengur yfir Patreksfjörð



ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

	Íbúatala 1.12.2012	Breyting frá 1.12.2011	Íbúatala 1.12.2011	Breyting frá 1.12.2010
Svæði I:				
Bolungarvík.....	924	34	890	3
Ísafjarðarbær.....	3.744	-14	3.758	-58
Súðavíkurreppur.....	179	-3	182	-12
Samtals svæði I	4.847	17	4.830	-67
Svæði II:				
Tálknafjarðarhreppur.....	293	14	279	-25
Vesturbyggð.....	935	30	905	14
Samtals svæði II	1.228	44	1.184	-11
Svæði III:				
Árneshreppur.....	54	2	52	0
Bæjarhreppur.....	103	3	100	0
Kaldrananeshreppur.....	100	-5	105	-1
Reykhólahreppur.....	279	9	270	-8
Strandabyggð.....	517	2	515	-14
Samtals svæði III	1.053	11	1.042	5
Vestfirðir samtals	7.128	72	7.056	-73

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2012





Naustahvilt 2012

ÁRSREIKNINGUR 2012



ORKUBÚ VESTFJARÐA ehf.



Spennuhækkun Bíldudalslínu

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	11
Áritun óháðs endurskoðanda	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur.	14
Sjóðstreymi.	16
Skýringar og sundurliðanir	17
Rekstrar- og efnahagsstærðir.	25



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Tilgangur Orkubús Vestfjarða ohf. skv. lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001 er að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu og sjá um raforkudreifingu og orkusölu.

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2012 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 279,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2012 voru alls 6.171 millj. kr. og heildarskuldir alls 812 millj. kr. Eigið fé nam því alls 5.359 millj. kr. sem er um 86,8 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Stjórn félagsins hefur borist tillaga hluthafa um 60 millj. kr. arðgreiðslu. Samkvæmt 101 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber stjórn skylda til að leggja þá tillögu fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og orkubússtjóra að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa skýra mynd af stöðu Orkubús Vestfjarða í árslok, rekstrarniðurstöðu ársins og breytingar á handbæru fé á árinu 2012.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2012.

Ísafirði, 25. mars 2013

Viðar Helgason
stjórnarformaður

Kolbrún Sverrisdóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Árni Brynjólfsson

Eyrún I. Sigþórsdóttir

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2012 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ísafjörður, 25. mars 2013

Deloitte ehf.

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

Rekstrartekjur:

	Skýr.	2012 þús. kr.	2011 þús. kr.
Raforkusala	15	1.422.471	1.406.232
Sala á heitu vatni	16	535.586	497.117
Tengigjöld	2	29.945	23.052
Aðrar tekjur	17	82.073	63.439
		<u>2.070.075</u>	<u>1.989.840</u>

Rekstrargjöld:

Rekstur raforkukerfis:

Orkuver	18	232.256	200.343
Raforkukaup	19	428.646	502.144
Raforkuflutningur	20	46.105	44.453
Aðveitu- og dreifikerfi	21	166.186	176.387
		<u>873.193</u>	<u>923.327</u>

Rekstur hitaveitukerfis:

Raforkukaup		132.612	108.909
Kyndistöðvar		111.056	88.828
Dreifikerfi		40.995	23.049
		<u>284.663</u>	<u>220.786</u>

Sameiginlegur rekstrarkostnaður	25	342.826	290.317
		<u>1.500.682</u>	<u>1.434.430</u>

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti		569.393	555.410
--	--	---------	---------

Afskriftir	3, 4	233.086	278.407
------------------	------	---------	---------

Rekstrarhagnaður		336.307	277.003
------------------------	--	---------	---------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur		13.023	10.986
Vaxtagjöld		(67)	(228)
		<u>12.956</u>	<u>10.758</u>

Hagnaður fyrir skatta		349.263	287.761
-----------------------------	--	---------	---------

Tekjuskattur	11	(69.761)	(57.551)
--------------------	----	------------	------------

Hagnaður ársins		<u>279.502</u>	<u>230.210</u>
------------------------	--	----------------	----------------



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2012 þús. kr.	2011 þús. kr.
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Raforkukerfi		3.812.750	3.629.296
Hitaveitukerfi		313.245	328.771
Aðrir rekstrarfjármunir		913.952	902.723
		<u>5.039.947</u>	<u>4.860.790</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf	8	355.076	355.076
Reiknuð tekjuskattsinneign	11	0	54.019
		<u>355.076</u>	<u>409.095</u>
Fastafjármunir		<u>5.395.023</u>	<u>5.269.885</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	2	202.245	192.756
Skammtímakröfur:	2		
Útistandandi orkureikningar	22	271.198	265.019
Aðrar skammtímakröfur	23	197.445	122.765
Handbært fé	2	104.625	31.908
Veltufjármunir		<u>775.513</u>	<u>612.448</u>
Eignir samtals		<u>6.170.536</u>	<u>5.882.333</u>



31. DESEMBER 2012

Skuldir og eigið fé

		2012	2011
	Skýr.	pús. kr.	pús. kr.
Eigið fé:	9		
Hlutfé		3.049.914	3.049.914
Lögbundinn varasjóður		1.016.637	1.016.637
Óráðstafað eigið fé		1.292.215	1.058.713
Eigið fé		<u>5.358.766</u>	<u>5.125.264</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	10	524.010	519.556
Reiknuð tekjuskattskuldbinding	11	15.742	0
		<u>539.752</u>	<u>519.556</u>
Skammtímaskuldir:			
Lánadrottnar		163.976	154.596
Aðrar skammtímaskuldir	24	108.042	82.916
		<u>272.018</u>	<u>237.512</u>
Skuldir samtals		<u>811.770</u>	<u>757.068</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>6.170.536</u>	<u>5.882.333</u>
Aðrar skuldbindingar:	12		



SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2012

Handbært fé frá rekstri:

	2012 þús. kr.	2011 þús. kr.
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	279.502	230.210
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
(Söluhagnaður) tap eigna	(1.930)	544
Afskriftir	233.086	278.407
Tekjuskattur	69.761	57.551
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	4.454	28.919
Veltufé frá rekstri	584.873	595.631

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Birgðir, (hækkun).	(9.489)	(6.442)
Skammtímakröfur, (hækkun).	(78.664)	(48.198)
Skammtímaskuldir, hækkun	73.548	1.027
Breytingar alls	(14.605)	(53.613)

Handbært fé frá rekstri

570.268 542.018

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum

Raforkukerfi	(332.249)	(471.576)
Hitaveitukerfi	(7.729)	(21.374)
Aðrir rekstrarfjármunir	(73.102)	(169.041)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	2.766	9.026
Seld hlutabréf	0	607
(Hækkun) lækkun á bundnum bankainnstæðum	(2.195)	27.330
Fjárfestingarhreyfingar	(412.509)	(625.027)

Fjármögnunarhreyfingar:

Greiddur arður	(46.000)	0
Skammtímaskuldir v/fjárfestinga, (lækkun)	(39.042)	(14.408)
Fjármögnunarhreyfingar	(85.042)	(14.408)

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 72.717 (97.418)

Handbært fé í ársbyrjun 31.908 129.326

Handbært fé í árslok 104.625 31.908



SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrri ári.

Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrri reikningsárs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrissektasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignaréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar.

Tengigjöld notenda námu alls 29,9 millj. kr. á árinu 2012. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,45% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar og verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2013 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.



Skýringar frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söluðegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er kostnaður vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

Verðbréf

Verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2012	2011
Ársbyrjun	28.467	23.626
Afskrifað á árinu	(3.940)	(2.399)
	24.527	21.227
Niðurfærsla ársins	4.232	7.240
Árslok	28.758	28.467

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Eignir utan efnahags

Þegar félagið var stofnað á árinu 1977 lögðu stofnendur inn lönd og vatnsréttindi sem þeim tilheyrðu inn í félagið. Vatnsréttindin eru ekki bókfærð í efnahagsreikningi Orkubús Vestfjarða ohf. og eru því eignir utan efnahagsreiknings.



Skýringar frh.

Óefnislegar eignir

3. Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

Virkjanaframkvæmdir:	2012	2011
Kostnaðarverð 1.1. 2012	52.524	52.524
Afskrifað áður	(52.524)	(35.634)
Bókfært verð 1.1. 2012	0	16.890
Afskrifað á árinu	0	(16.890)
Bókfært verð 31.12. 2012	0	0
Afskriftarhlutfall	10,0%	10,0%

Rannsóknarkostnaður vegna virkjanaframkvæmda á árinu 2012 er að fullu gjaldfærður á árinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

Raforkukerfi:

	Orkuver	Veitukerfi	Samtals
Kostnaðarverð 1.1. 2012	3.834.991	4.417.177	8.252.168
Afskrifað áður	(1.949.735)	(2.673.137)	(4.622.872)
Bókfært verð 1.1. 2012	1.885.256	1.744.040	3.629.296
Viðbót á árinu	7.077	325.172	332.249
Afskrifað á árinu	(61.064)	(87.731)	(148.795)
Bókfært verð 31.12. 2012	1.831.269	1.981.481	3.812.750
Afskriftarhlutföll	1,67-5,0%	3,3-4,0%	

Hitaveitukerfi:

	Borholur og kyndistöðvar	Dreifikerfi	Samtals
Kostnaðarverð 1.1. 2012	456.199	1.029.241	1.485.439
Afskrifað áður	(344.332)	(812.337)	(1.156.669)
Bókfært verð 1.1. 2012	111.867	216.904	328.771
Viðbót á árinu	84	7.645	7.729
Afskrifað á árinu	(6.537)	(16.718)	(23.255)
Bókfært verð 31.12. 2012	105.414	207.831	313.245
Afskriftarhlutföll	5,0-10,0%	4,0%	

Aðrir rekstrarfjármunir:

	Fasteignir	Bifreiðar, áhöld og annar búnaður	Samtals
Kostnaðarverð 1.1. 2012	1.279.096	365.640	1.644.736
Afskrifað áður	(500.601)	(241.412)	(742.013)
Bókfært verð 1.1. 2012	778.495	124.228	902.723
Viðbót á árinu	12.992	60.109	73.101
Selt á árinu	0	(836)	(836)
Afskrifað á árinu	(24.398)	(36.638)	(61.036)
Bókfært verð 31.12. 2012	767.089	146.863	913.952
Afskriftarhlutföll	2,0%	20,0%	

5. Vátryggingarverðmæti bygginga orkuvera og kyndistöðva er alls 1.271 millj. kr. en annarra bygginga 742 millj. kr. Fasteignamat bygginga nemur 588 millj. kr. Brunabótamat bygginga nemur 2.025 millj. kr.
6. Í árslok átti Orkubúið 30 bifreiðar, 15 vélsleða, 1 sexhjól, 4 dráttarvélar og 2 lyftara.



Skýringar frh.

7. Eignfærður framkvæmdakostnaður greinist þannig í þús. kr.:

	2012	2011
Fasteignir	12.992	106.718
Virkjanir	7.077	268.579
Díselvélar	0	8.053
Aðalorkuflutningslínur	0	9.416
Aðveitulínur	215.371	144.293
Aðveitustöðvar	1.536	3.273
Innanbæjarkerfi	108.265	37.961
Kyndistöðvar og borholur	84	20.747
Dreifikerfi hitaveitna	7.645	627
Bírfreiðar	23.951	34.566
Áhöld og tæki	28.147	21.949
Tölvubúnaður	8.012	5.807
	<u>413.080</u>	<u>661.991</u>

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði er 29,5 millj. kr. vegna hlutdeildar í sameiginlegum rekstrarkostnaði.

Áhættufjármunir

8. Yfirlit um hlutafjäreign Orkubús Vestfjarða ohf. í þús. kr.:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Netorka hf.	3,03%	492	1.847
Landsnet hf.	5,98%	352.725	352.725
Dalsorka ehf.	10,00%	444	444
Vesturorka ehf.	12,00%	60	60
		<u>353.721</u>	<u>355.076</u>

Áhættufjármunir eru metnir á kostnaðarvirði.

Eigið fé

9. Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok.	3.049.914	100%	3.049.914
	<u>3.049.914</u>	<u>100%</u>	<u>3.049.914</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 3.049.914 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Yfirlit um eiginfjárreikninga í þús. kr.:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2011	3.049.914	1.016.637	828.504	4.895.055
Hagnaður ársins			230.210	230.210
Eigið fé 1.1. 2012	3.049.914	1.016.637	1.058.713	5.125.264
Greiddur arður			(46.000)	(46.000)
Hagnaður ársins			279.502	279.502
Eigið fé 31.12. 2012	<u>3.049.914</u>	<u>1.016.637</u>	<u>1.292.215</u>	<u>5.358.766</u>



Skýringar frh.

Lífeyrisskuldbinding

10. Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvílir reiknuð skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna Orkubús Vestfjarða ohf. sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur verið myndaður reikningur vegna lífeyrisskuldbindingar sem færður er meðal skuldaliða í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. desember 2012. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2012	2011
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	519.556	490.637
Greiddar lífeyrisskuldbindingar	(16.355)	(13.101)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindinga	20.809	42.020
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>524.010</u>	<u>519.556</u>

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega. Aðrar lífeyrisskuldbindingar eru engar í árslok.

Tekjuskattsinneign (tekjuskattsskuldbinding)

11. Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 69,8 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2013 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

	Tekjuskatts- inneign (skuldbinding)	Samtals
Staða í ársbyrjun	54.019	54.019
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012	(69.761)	(69.761)
Staða í árslok	<u>(15.742)</u>	<u>(15.742)</u>

Tekjuskattsinneign (skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(81.662)
Veltufjáreignir	5.752
Frestaður gengismunur	64
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	60.103
	<u>(15.742)</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði árunna 2013-2020	<u>300.516</u>
	<u>300.516</u>

Virkur tekjuskattur

	2012		2011	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	349.263		287.761	
Skatthlutfall	69.853	20,0	57.552	20,0
Fenginn arður	(95)	(0,0)	(36)	(0,0)
Aðrir liðir	4	0,0	35	0,0
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>69.761</u>	<u>20,0</u>	<u>57.551</u>	<u>20,0</u>

Aðrar skuldbindingar

12. Á Orkubúi Vestfjarða ohf. hvíla engar ábyrgðarskuldbindingar.



Skýringar frh.

Starfsmannamál

13. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þús. kr.:

	2012	2011
Laun	426.401	382.301
Launatengd gjöld	95.275	88.590
Lífeyrisskuldbindingar	27.550	48.322
	<u>549.226</u>	<u>519.213</u>

Laun og tengd gjöld skiptast þannig:

Rekstur raforkukerfis	254.609	241.134
Rekstur hitaveitukerfis	45.688	35.311
Eignfærð laun	43.766	58.324
Annar rekstrarkostnaður	205.163	184.444
	<u>549.226</u>	<u>519.213</u>

Starfsmenn	57	55
----------------------	----	----

Laun stjórnar, orkubússtjóra og þriggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.

Laun stjórnar	6,2	5,5
Laun orkubússtjóra	13,9	13,9
Laun framkvæmdastjóra	35,7	32,9
Þóknun endurskoðanda	4,4	4,8

Sjóðstreymisýfirlit

14.	2012	2011	2010	2009	2008
Hagnaður ársins	279.502	230.210	208.340	234.384	57.787
Afskriftir	233.086	278.407	222.272	210.454	201.956
Reiknaðir fjármagnsliðir:					
Aðrar breytingar	72.285	87.014	46.585	25.536	102.423
Hreint veltufé frá rekstri	584.873	595.631	477.197	470.375	362.166
Breyting á:					
Rekstartengdum eignum	(88.153)	(54.640)	(63.337)	(53.869)	(155.615)
Rekstartengdum skuldum	73.548	1.027	10.243	(42.829)	61.807
Handbært fé frá rekstri	<u>570.268</u>	<u>542.018</u>	<u>550.777</u>	<u>373.677</u>	<u>268.358</u>



Sundurliðanir	2012 þús. kr.	2011 þús. kr.
15. Raforkusala greinist þannig:		
Raforkusala	617.988	652.991
Tekjur vegna dreifingar	602.632	570.456
Dreifibýlisframlag	20.708	21.340
Niðurgreiðslur raforku til húshitunar	116.198	118.434
Tekjur vegna varaafis	64.945	43.011
	<u>1.422.471</u>	<u>1.406.232</u>
16. Sala á heitu vatni greinist þannig:		
Sala á heitu vatni	459.231	422.555
Veittur afsláttur O.V. af hitaveitusölu	(11.142)	(11.371)
Niðurgreiðslur hitaveitu til húshitunar	87.497	85.933
	<u>535.586</u>	<u>497.117</u>
17. Aðrar tekjur greinast þannig:		
Seld þjónusta	43.877	41.624
Aðrar tekjur	38.196	21.815
	<u>82.073</u>	<u>63.439</u>
18. Rekstur orkuvera greinist þannig:		
Vatnsaflsvirkjanir	149.449	122.094
Díselvélar	82.807	78.249
	<u>232.256</u>	<u>200.343</u>
19. Raforkukaup greinast þannig:		
Raforkukaup heildsala	194.870	273.890
Flutningskostnaður Landsnets	182.272	193.144
Raforkukaup frá smávirkjunum/jöfnunarorka	51.504	35.110
	<u>428.646</u>	<u>502.144</u>
20. Raforkuflutningur greinist þannig:		
Aðalorkuflutningslínur	15.349	8.701
Aðveitustöðvar	30.756	35.752
	<u>46.105</u>	<u>44.453</u>
21. Rekstur aðveitu- og dreifikerfis greinist þannig:		
Aðveitulínur - sveitir	20.236	9.040
Innanbæjarkerfi	145.950	167.347
	<u>166.186</u>	<u>176.387</u>



Sundurliðanir frh.

	2012 þús. kr.	2011 þús. kr.
22. Útistandandi orkureikningar greinast þannig:		
Orkureikningar í skilum	254.720	253.909
Orkureikningar í vanskilum	45.236	39.577
Niðurfærslur útistandandi orkureikninga	(28.758)	(28.467)
	<u>271.198</u>	<u>265.019</u>
23. Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Iðnaðarráðuneytið vegna niðurgreiðslna	37.253	38.401
Bundnar bankainnstæður	43.408	41.213
Aðrar skammtímakröfur	116.784	43.151
	<u>197.445</u>	<u>122.765</u>
24. Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Tryggingagjald / virðisaukaskattur	4.016	3.726
Fjármagnstekjuskattur vegna arðs	9.200	0
Lífeyrisskuldbinding til greiðslu 2013 / 2012.	6.741	6.487
Reiknað áunnið orlof.	54.459	49.183
Ógreidd laun og tengd gjöld	33.626	23.520
	<u>108.042</u>	<u>82.916</u>
25. Sameiginlegur rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og tengd gjöld	173.375	158.177
Bífreiðastyrkir	22.900	21.066
Fæðis-/dagpeningar	3.294	4.201
Laun og launatengd gjöld	<u>199.569</u>	<u>183.444</u>
Pappír, prentun og ritföng	3.125	2.109
Sími og burðargjöld	2.398	2.451
Viðhald búnaðar	4.038	200
Auglýsingar.	1.078	569
Bífreiðakostnaður	2.029	2.164
Tölvu- og forritunarkostnaður	32.088	24.397
Gjafir, risna og starfsmannakostnaður	1.380	752
Ýmsir styrkir og framlög	2.278	3.988
Almennur skrifstofukostnaður	<u>48.414</u>	<u>36.630</u>
Fargjöld og dvalarkostnaður	5.731	5.006
Ráðstefnugjöld og námskeið	855	2.133
Sérfræðipjónusta	29.468	22.219
Niðurfærsla krafna sbr. skýr. 2	4.232	7.240
Verðbreytingar á lager og fl.	(1.408)	(1.706)
Flutningsgjöld	6.456	3.173
Rekstur fasteigna	16.608	13.452
Vátryggingar	4.103	3.231
RER-gjald og önnur opinber gjöld	10.927	8.978
Árgjald Samorku	1.862	1.895
Millideildar gjöld (tekjur)	(10.218)	(11.908)
Kostnaður vegna annarra tekna	26.227	16.530
Annar rekstrarkostnaður	<u>94.843</u>	<u>70.243</u>
Alls	<u>342.826</u>	<u>290.317</u>



Sundurliðanir frh.

26. Rekstrargjöld greinast þannig í þús. kr.:

	Dreifing raforku þéttbýli	Dreifing raforku dreifbýli	Raforku fram- leiðsla	Raforku kaup og flutningur	Hitaveita og seld þjónusta	Samtals
Orkuver			232.256		111.058	343.312
Raforkukaup				246.374	132.612	378.986
Raforkuflutningur	20.587			182.272	25.519	228.378
Aðveitu- og dreifikerfi	116.199	49.989			40.995	207.183
	136.786	49.989	232.256	428.646	310.182	1.157.859
Sameiginlegur rekstrarkostnaður						342.826
Afskriftir						233.086
						<u>1.733.771</u>

27. Samþykki ársreiknings.

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 25. mars 2013.

REKSTRAR- OG EFNAHAGSSTÆRÐIR

Á verðlagi hvers árs, millj. kr.	2012	2011	2010	2009	2008
Heildareignir	6.171	5.882	5.637	5.343	5.125
Eigið fé	5.359	5.125	4.895	4.687	4.452
Rekstrartekjur	2.070	1.990	1.780	1.737	1.548
Rekstrargjöld	1.501	1.434	1.340	1.314	1.286
Afskriftir	233	278	222	210	202
Rekstrarhagnaður fyrir afskr. og vexti	569	555	441	423	262
Hagnaður	280	230	208	234	58
Veltufé frá rekstri	585	596	477	470	362
Fjárfestingar	413	662	647	351	414
Kennitölur					
Hagnaðarhlutfall, %	13,50	11,57	11,70	13,49	3,73
Arðsemi eigin fjár, %	5,33	4,59	4,35	5,26	1,31
Lausafjárhlutfall	2,11	1,77	1,98	3,07	2,55
Veltufjárhlutfall	2,85	2,58	2,72	4,34	3,22
Hagnaður/skuldir, % *)	70,14	73,36	59,43	64,50	38,91
Eiginfjárhlutfall, %	86,84	87,13	86,84	87,72	86,88
Magntölur					
Orkudreifing, GWh	225	229	213	226	220
Eigin orkuvinnsla, GWh	106	92	87	98	100
Forgangsorkukaup, GWh	57	71	60	58	55
Ótrygð orkukaup, GWh	82	88	83	87	85
Starfsmannafjöldi	57	55	57	58	60

*) Árlegur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti sem hlutfall af heildarskuldum.



MILLJÓN METRAR AF LÍNUM...

Flutningskerfi raforku á Vestfjörðum samanstendur af 132 kV línu Landsnets til Vestfjarða, 66 kV lín- um Landsnets og Orkubúsins og 33 kV lín- um Orkubúsins. Á Vestfjörðum eru sex 66 kV línur. Fimm þeirra eru í eigu Landsnets en Orkubúið á Patreksfjarðarlínu sem liggur frá Keldeyri í Tálkna- firði yfir til Patreksfjarðar. Landsnet á tvær 66 kV línur út frá Mjólka. Þær eru Tálknafjarðarlína og Breiðadalslína. Frá Breiðadal eru síðan 66 kV línur til Bolungarvíkur og Ísafjarðar og 66 kV jarðstrengur er á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Orkubúið á og rekur fimm 33 kV háspennulínur. Þrjár þeirra tengja saman Mjólka og Breiðadal með viðkomu á Hrafnseyri og Þingeyri. Ein 33 kV lína er frá Geiradal til Hólmavíkur og önnur frá Keldeyri til Bíldudals. Orkubúið á einnig mikinn fjölda dreifilína, sem eru langflestar 11 kV. Nokkrar eru 19 kV og svo eru enn til 6 kV línur í Ísafjarðardjúpi.

Lengd loftlína og jarðstrengja á veitusvæði OV er samkvæmt töflu 1.

Línur og jarðstrengir	lengd (km)
66 kV - Landsnet	122
66 kV - OV	13
33 kV - OV	83
19 kV - OV	58
11 kV - OV	812
6 kV - OV	70
Samtals	1.158

Auknar kröfur eru í dag gerðar til flutnings- og dreifikerfis rafmagns á Íslandi. Mikil umræða er nú um frekari endurbætur, eftir að miklar truflanir urðu víða um land, þar sem slæm veðurfarsleg skilyrði sköpuðust ítrekað og ollu miklu tjóni á loftlín- um. Má þar nefna tjón sem varð í Mývatnssveit, á Snæfells- nesi og á Vestfjörðum. Mjög slæmt NA-áhlaup gerði um landið norðvestanvert í lok ársins 2012, það langversta í mörg ár. Mjög mikil veðurhæð um og yfir 40 m/s víða. Mikið snjóáði, snjóflóð féllu, samgöngur fóru úr lagi bæði vegna ófærðar sem og lokana vegna snjóflóðahættu. Sem betur fer urðu ekki slys á fólki í þessu illviðri. Tjón varð ekki mikið á dreifikerfi OV en rafmagnsleysi varð mjög mikið vegna bilana á flutningslín- um og bilana á varaafslsvélum. Í lok janúar gerði aftur óveður á Vestfjörðum og varð þá töluvert tjón á flutnings- og dreifikerfi Landsnets og OV en rafmagnsleysi var minna.

Margt bendir til þess að veðurfar á Íslandi sé að breytast. Lægðir eru að verða snarpari, ganga fljótar yfir og vindstyrkur í einstökum hviðum er meiri. Hita- stig fer hækkandi og með aukinni úrkomu verður hættan á ísingu jafnvel meiri. Þar sem aðstæður eru erfiðar til fjalla er mikið frost oft besta vörnin gegn ísingartjóni á lín- um. Í dag eru veðurmælingar á Íslandi mjög fullkomnar og gefnar út sérstakar viðvaranir um ísingarhættu. Síðastliðið haust skall



á kröftug haustlægð óvenju snemma á Norður- og Norðausturlandi. Fé fennti í kaf og rafmagn fór víða af. Þá voru aðstæður þannig á Vestfjörðum að ekki sköpuðust skilyrði fyrir ísingu þótt vindur væri töluverður og varð því ekkert tjón á kerfi OV. Við slíkar aðstæður vinna orkufyrirtækin saman og strax var haft samband við Landsnet og flokkur frá Orkubúinu á Hólmavík fór norður og var í nokkra sólarhringa við aðstoð á uppbyggingu flutningskerfisins á svæðinu. Sífellt er unnið að endurnýjun dreifikerfisins. Ástand dreifilína er almennt viðunandi en þó eru línur sem eru farnar að kalla eftir endurnýjun. Dreifilínur eru nánast undantekningarlaust endurnýjaðar með jarð- strengjum. Línur eru ýmist endurnýjaðar vegna auk- innar aflþarfar eða hefðbundinnar öldrunar á dreifi- kerfinu. Eins er markvisst unnið að því að minnka jarðrekstur (einn fasi á móti jörð) í dreifikerfinu.

Stefnt er að því að háspennulínur í dreifikerfi raforku á Íslandi verði sem flestar komnar í jörðu fyrir árið 2040. Til þess að svo megi verða þarf að fara fram markviss undirbúningur og framkvæmdum þarf að forgangsraða. Það er stefna OV að endurnýja fyrst jarðrekna dreifikerfið. Þeir þættir sem líta þarf til við ákvörðun um þrífösun eða endurnýjun loftlínu með jarðstreng er aldur og ástands línunnar, hvert er álagið, hver er fjöldi notenda og hvernig notkun er á línunni. Það eru margir þættir sem taka þarf tillit til gagnvart notendum og atvinnurekstri á viðkomandi svæði. Einnig er mikilvægt að heyra sjónarmið sveitarfélaganna varðandi framtíðarskipulag þeirra.


Eins og sjá má í töflu 2 eru verkefni næg þegar kemur að þrífösun og endurnýjun í dreifikerfinu á veitusvæði OV. Þegar eru nokkur verkefni í gangi. Unnið er að þrífösun og endurnýjun á Barðastrandar- línu sem liggur frá Patreksfirði, yfir Kleifaheiði og endar við bæinn Auðshaug vestan Kjálkafjarðar. Í sumar verður klárað að þrífasa yfir Kleifaheiði og stefnt er að því innan fárra ára verði í það minnsta komnir þrír fasar að Brjánslæk.

Í töflu 2 má sjá hvernig dreifikerfi OV er samsett.

Spenna (kV)	Loftlína			Strengur		lengd (km)
	1 fasi	2 fasar	3 fasar	1 fasi	3 fasar	
19	137	1	24	0	48	210
11	297	79	76	30	178	660
6	43	3	0	19	4	70
Samtals (km)	477	83	100	49	230	940

Hafinn er undirbúningur að styrkingu Norðurlínu með þriggja fasa jarðstreng. Norðurlína kallast sú lína sem nær frá Steingrímsfirði að Árneshreppi. Í sumar standa vonir til að hægt verði að koma jarðstreng milli Árness og Mela ásamt því sem spennistöðvar verða endurnýjaðar með jarðstöðvum. Ákveðin verður lagnaleið fyrir lagnaleiðina Selá í Steingrímsfirði – Trékyllisvík. Stefnt er að því að ljúka hönnun þ.a. verkefnið verði klárt í útboð faist fjárveiting í verkefnið.

Búið er að leggja þriggja fasa jarðstreng yfir Steingrímsfjarðarheiði og í Ísafjarðardjúpi því komið í samband við landsdreifikerfið. Til þess að sú framkvæmd gagnist að fullu þá er nauðsynlegt að endurnýja eldri streng sem liggur frá Staðardal í Steingrímsfirði að Hátungum á Steingrímsfjarðarheiði þar sem takmörkun er í aflflutningi. Miklar framkvæmdir hafa verið í Ísafjarðardjúpi og er nú kominn þriggja fasa strengur frá Hólmavík að Látrum í Mjóafirði.



Unnið hefur verið að endurnýjun Þorpalínu í Steingrímsfirði og halda þar áfram með það verkefni. Létta þar frekar einfasa álagi af Þorpalínu og Bitrulinu með áframhaldandi strengvæðingu. Mörg önnur verkefni bíða og unnið er að áætlanagerð vegna frekari framkvæmda næstu ára.

Þegar unnið er að því að endurnýja loftlínu með jarðstreng er að mörgu að hyggja. Flestir hafa heyrt þau skoðanaskipti sem átt hafa sér stað varðandi endurnýjun háspennulína í flutningskerfi Landsnets og sýnist þar sitt hverjum. Bygging loftlínu á hári spennu er margfalt ódýrari framkvæmd en að grafa niður jarðstreng á sömu spennu. Eftir því sem spennan lækkar verður þessi munur minni og við endurnýjun eða nýbyggingu 66 kV línu er jarðstrengslausn skoðuð til jafns við loftlínulausn. Á enn lægri spennustigum, er oft ódýrara að nota jarðstreng auk þess sem umhverfisáhrif eru takmörkuð og helgunarsvæði minna.

Í lokaskýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra sem birt var í febrúar síðastliðnum var tekið undir það sjónarmið sem lengi hefur verið uppi hjá OV að jarðstrengi ber að leggja svo sem kostur er meðfram núliggjandi vegum. Aðstæður á Vestfjörðum eru víða þannig að takmarkað undirlendi er fyrir bæði þjóðveg og jarðstreng. Því þurfa veitufyrirtækin og Vegagerðin að vinna saman með það að markmiði að raskað land verði sem minnst.

Í vinnuhóp sem framkvæmdarstjóri rafveitusviðs OV átti sæti í á vegum lönaðarráðuneytis og skilaði skýrslu árið 2008, kom fram að kostnaður við þrífösun á dreifsvæði OV var þá metinn 2.450 kr. á hvern metra dreifikerfis, auk kostnaðar við endurnýjunar spennistöðva og lágspennudreifingar. Í dag er þessi kostnaður varla undir 3.500 kr. á metra að meðaltali. Sé þessi kostnaður skoðaður í samhengi við töflu 2 hér að ofan má finna út þá niðurstöðu að kostnaður vegna þrífösunar dreifikerfisins verði um 2,5 milljarðar.

Í framkvæmdaráætlun fyrir árið 2013 er búist við að framkvæmt verði í styrkingu dreifikerfis fyrir um 100 milljónir. Þetta er svipuð upphæð og hefur að meðaltali verið á framkvæmdaráætlun síðustu ár. Stjórn fyrirtækisins stendur alltaf frammi fyrir þeirri spurningu hversu mikla fjármuni eigi að setja í viðhald dreifikerfisins því ekki eru allar framkvæmdir í sjálfu sér arðbærar og orkunotendur oft fáir og línur langar, en þá vakna líka spurningar um samfélagslegt hlutverk fyrirtækis eins og Orkubúsins. Sjónarmið viðskiptavina eru mismunandi og hlutverk stjórnenda og eiganda að finna þessa réttu línu til að fylgja.



RAFORKUKERFI VESTFJARÐA








REKSTRARTRUFLANIR 2012

Bílanir urðu 27 í hitaveitukerfum árið 2012 en þær voru 8 árið 2011. Heildarfjöldi truflana í raforkukerfinu árið 2012 voru 206 en voru 188 árið áður, 65 truflanir í orkuverum, 105 truflanir í háspennukerfi og 36 truflanir í lágpennukerfi. Af 206 truflunum voru 97 vegna skipulags viðhalds.

Í flutningskerfi Landsnets á Vestfjörðum skráði Landsnet 21 fyrirvaralaus truflun á árinu 2012 en þær voru 13 árið áður.



LYKILTÖLUR ÚR DREIFIKERFI ORKUBÚSINS ÁRIÐ 2012


Háspennt dreifikerfi	m	1.036.294
66 kV loftlínur	m	13.349
33 kV loftlínur	m	78.476
19 kV loftlínur	m	162.431
11 kV loftlínur	m	452.126
6 kV loftlínur	m	46.286
66 kV jarðstrengir	m	0
33 kV jarðstrengir	m	4.632
19 kV jarðstrengir	m	47.589
11 kV jarðstrengir	m	208.156
6 kV jarðstrengir	m	23.249
Spennar		786
Dreifispennar	stk	740
Aflspennar	stk	46
Aflrofar	stk	354
66 kV	stk	2
33 kV	stk	15
19 kV	stk	9
11 kV	stk	319
6 kV	stk	9
Fjöldi ljósaastólpa	stk	2.617
Fjöldi ljósbúnaða	stk	2.916
Útílysing uppsett afl	kW	429



VATNSAFLSVIRKJANIR

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla		Meðaltal 2001-2012 MWh	Breyting % 2012 miðað við meðaltal 2011	
		2012 MWh	2011 MWh			
Mjólkárvirjun	10.600	70.290	59.037	61.730	13,87	19,06
Þverárvirjun	2.200	6.551	5.050	6.032	8,60	29,72
Rafstöðin á Fossum	1.100	5.109	4.589	4.943	3,36	11,33
Tungudalsvirjun	700	4.680	4.554	4.972	-5,87	2,77
Reiðhjallavirjun	520	1.758	1.867	1.873	-6,14	-5,84
Blævardalsárvirjun	300	1.511	1.467	1.062	42,28	3,00
Mýrarárvirjun	60	350	374	344	1,74	-6,42
Samtals eigin virkjanir	15.480	90.249	76.938	80.956	11,48	17,30
Bændavirkjanir	3.436	13.403	10.770	13.293	0,83	24,45
Samtals virkjanir á Vestfjörðum	18.916	103.652	87.708	94.249	9,98	18,18

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana 1992 - 2012







KYNDISTÖÐVAR

	Árið 2012 – Orkunotkun							2011
	Uppsett afl		Aftoppur		Olía	Raforka	Sorp/borh.	Samt.
	Oliúkatla	Raforka	Raforka					
	MW	MW	MW		MWh	MWh	MWh	MWh
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	6,85		592	36.379		36.971
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,37		85	6.999		7.084
Bolungarvík	3,0	3,0	2,89		161	11.640		11.801
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,82		261	13.771		14.032
Flateyri	2,0	1,2	0,93		22	4.931		4.953
Suðureyri	3,0	1,2	0,93		74	5.243	1.396	6.713
Samtals	24,0	20,8	15,79		1.195	78.963	1.396	81.554
								84.808

Þróun orkuverðs 1987 - 2012



GWh Skipting orkudreifingar 1978 - 2012






DÍSELSTÖÐVAR

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2012 MWh	Framleiðsla 2011 MWh
Ísafjörður	4.760	140	231
Bolungarvík	3.310	127	10
Súðavík	1.170	78	15
Suðureyri	700	28	3
Flateyri	420	20	1
Þingeyri	1.500	83	3
Samtals svæði I	11.860	474	263
Bíldudalur	1.150	71	39
Patreksfjörður	4.150	206	130
Flatey	112	186	196
Samtals svæði II	5.412	463	365
Reykholar	700	30	31
Hólmavík	1.250	48	47
Dranganes	420	2	6
Samtals svæði III	2.370	80	85
Reykjanes	641	11	23
Samtals svæði IIII	641	11	23
Alls	20.283	1.029	736


Orkuöflun v/hitaveitusölu 2012
Samtals 93,9 GWh



Eigin vinnsla 15,86%

Orkukaup 84,14%

Orkuöflun v/raforkusölu 2012
Samtals 153 GWh



Eigin vinnsla 59,62%

Orkukaup 40,38%



ORKUÖFLUN

	Orkuöflun 2012 MWh	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2011 MWh	Mismunur '12-'11 %
Vatnsaflsvirkjanir	90.249	36,55	76.938	17,30
Díselrafstöðvar	1.029	0,42	738	39,81
Olíukatlar	1.195	0,48	1.128	5,94
Jarðhiti *).	13.695	5,55	13.383	2,33
Samtals eigin vinnsla	106.168	42,99	92.185	15,17
Forgangsorka	43.687	17,69	60.709	-28,04
Raforka til hitunar	81.769	33,11	88.440	-7,54
Jöfnunarorka	1.921	0,78	1.347	42,61
Forgangsorka frá bændavirkjunum	13.402	5,43	10.770	24,44
Samtals orkukaup	140.779	57,01	161.266	-12,70
Orkuöflun v/raforkusölu	153.094	61,99	156.956	-2,45
Orkuöflun v/hitaveitusölu	93.853	38,01	96.495	-2,74
Heildarorkuöflun	246.947		253.451	-2,57

*) Áætlað



ORKUDREIFING

Gjald- skrár- liður	Heiti	Mæla- fjöldi	MWh 2012	MWh 2011	Mismunur '12-'11 %
A1	Almenn notkun	3.284	36.002	35.974	0,08
A3	Utanhússlýsing *)	44	1.836	1.871	-1,87
A4	Blönduð notkun (hiti ekki sérmældur ***)	1.504	40.608	39.852	1,90
B1	Aflmæling	56	21.975	21.810	0,76
B13	Skerðanlegur flutningur	8	18.018	17.180	4,88
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis ***)	169	6.375	8.626	-26,10
C2	Næturhitun íbúðarhúsnæðis	1	42	78	-46,15
D1	Hitun, annað	156	6.098	6.976	-12,59
D3	Varmadælur	2	789	740	6,62
Heildsala	Heildsala og jöfnunarorka		12.580	13.776	-8,68
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.184	43.976	44.725	-1,67
H498	Hitaveita, stórnotendur **)	20	22.349	22.765	-1,83
H48	Hitaveita, annað	227	14.530	15.087	-3,69
Samtals		6.655	225.178	229.460	-1,87

*) Notkun áætluð miðað við 4.200 nýtingartíma.

**) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWh og á Reykhólum 52 kWh úr m³ vatns.

***) Unnið er að breytingum á rafhitamælingu. Settur er upp einn mælir og notkun skipt 85% hiti og 15% almenn notkun.

ORKUDREIFING

